

Ávarp formanns

Þingforseti, ráðherra, þingmenn kjördæmis, og kæru vinir mínir Vestfirðingar.

Það er alltaf jafn skemmtilegt að hitta ykkur öll, en skemmtilegt er gott en er það nóg. Hverju skila fjórðungsþing að hausti. Og það ætla ég að segja ykkur í þessu ávarpi og fara aðeins yfir undanfarið ár.

(Glærur)

Þetta eru ályktanirnar sem við samþykktum í fyrra og ég ætla að segja ykkur aðeins frá hver er staðan og hvernig var unnið með þær.

- Ályktun um aukið samstarf í Velferðabjónustu

Í kjölfar fjórðungsþings var skipaður starfshópur sem fékk KPMG til að vinna tillögur af útfærslu. Sú vinna skilaði þeirri niðurstöðu að sveitarfélögin öll eru að klára stofnun Velferðabjónustu Vestfjarða með Ísafjarðarbæ sem leiðandi sveitarfélag.

- Ályktun um gerð svæðisskipulags

Verkefnið fór ekki strax af stað vegna þess að það var ekki fjármagnað þó sveitarfélögin væru öll jákvæð fyrir að hefja þessa vinnu. En í endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins var fjármögnun tryggð og í júní voru öll sveitarfélög búin að skipa fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd. Þannig að þessi mikilvæga vinna er að fara af stað og getur nýst inn í mörg önnur verkefni. Sem dæmi má nefna að á austurlandi þá nýta þau svæðisskipulag og sóknaráætlun saman og styðja verkefnin hvort við annað í markvissri nálgun á þá málaflokka sem liggja fyrir. Þetta var eitt af tveimur atriðum sem starfshópur um eflingu samfélags á Vestfjörðum lagði til að við myndum hefja vinnu við og höfum við staðið okkar vakt þar.

- Ályktun um notkun ásætuvarna

Það hefur lítið verið unnið með þessa ályktun fyrir utan að hún var kynnt matvælaráðuneytinu. En hún er enn í gildi og bíður færiss.

- Ályktun um gerð þjóðgarðs

Efni ályktunarinnar var kynnt umhverfis- orku og loftlagsráðuneytinu og ráðherra setti af stað starfshóp til að vinna með tillögur um aðgerðir sem meðal annars tengjast stofnun þjóðgarðs. Í skýrslunni hvetur starfshópurinn til að unnið verði að undirbúningi þjóðgarðs á Vestfjörðum sem og uppbyggingu innviða á svæðinu.

Og svo ég nefni fílinn í herberginu þessu tengdu þá hvetur starfhópurinn til að tekin verði afstaða til beiðni Orkubús Vestfjarða um 20-30 MW virkjun á svæðinu. Mig langar að taka fram að það er ekki í okkar höndum að halda því verkefni áfram. Stjórnvöld tóku afstöðu til málsins og sendu aftur til orkubúsins að þau þurfi að gera úttekt á samfélagslegum áhrifum virkjunar. Þannig að eins og fram hefur komið þetta er ekki á okkar borði og í okkar málflutningi vitum við að við þurfum eina 20 MW virkjun til að halda uppi kerfinu en við semjum ekki rammaáætlun eða breytum lögum um friðland og höfum svo sem ekki verið beðin um að taka að okkur þessa vinnu.

- Ályktun um þararæktun

Efni ályktunarinnar var kynnt matvælaráðuneyti. Og vinna við stefnumörkun í lagareldi hefur verið í gangi, meðal annars með skýrslu sem Boston Consulting Group vann fyrir ráðuneytið. Þar er fjallað um þörunga í einum kaflanum og skort á sértækri löggjöf fyrir útgáfu leyfa. Þessi vinna heldur áfram hjá ráðuneytinu og þau kynntu vinnuna í gær þannig að þetta er í gangi.

- Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr fiskeldissjóði

Þessi ályktun fór strax í vinnslu og skipaður var starfshópur með fulltrúum úr þessum 6 fiskeldissveitarfélögum. Efni ályktunarinnar var kynnt matvælaráðuneytinu og eins og með ályktun um þararæktun þá tengist þessi vinna stefnumörkun í lagareldi. Ráðuneytið hefur komið fram með hugmyndir að skiptingu fiskeldisgjalds og hefur hluti af fiskeldissveitarfélögunum okkar skrifa umsögn um málið. Vestfjarðastofa hefur kallað eftir gögnum frá hagstofunni um að greina þau störf sem vinna við greinina því eins og þið vitið eflaust flest er verið að skoða skiptingu út frá nokkrum þáttum þar með talið störf á svæðinu. En það getur verið flókið að fá nothæf gögn út af fámenni og persónuverndar löggjöf. En ráðuneytið vinnur að gerð frumvarpa um lagareldi eins og fram hefur komið og það sem við höfum verið að segja í mörg ár að það þurfi að efla störf við eftirlit og rannsóknir á fiskeldi er að verða að veruleika.

- Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi

Ályktunin kynnt mennta og barnamálaráðuneytinu og háskólunum, engin sérstök viðbrögð hafa borist en við getum unnið með þetta áfram inn í menntastefnu Vestfjarða.

- Ályktun um svæðisáætlun um sorp

Vinnan er að hefjast undir stjórn nýs verkefnastjóra umhverfis og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu. Og á síðasta stjórnarfundum samþykkti stjórn að fela framkvæmdarstjóra að ljúka samningi við fyrirtækið Environice sem mun vinna þessa vinnu með verkefnastjóra. Og þess má geta að þetta er hitt atriðið sem starfshópur um eflingu samfélags á Vestfjörðum lagði til að við myndum gera. Þannig að við höfum náð að taka til okkar þau verkefni sem lagt var upp með í skýrslunni og beindust að okkur.

- Ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks

Eins og við vitum þá er þetta eitt af þeim málefnum sem öll sveitarfélög á Íslandi eru að vinna í að koma í farveg og þá nýtist þessi ályktun inn þá umræðu. Það hefur ýmislegt gerst síðan við lögðum fram þessa ályktun en það er ennþá langt í land með að málaflökkurinn standi undir sér. Svo að sjálfsögðu tengist þessi ályktun ályktuninni um velferðarþjónustu Vestfjarða og við eigum bara eftir fá reynslu á hvernig það fyrirkomulag mun hafa áhrif á fjármögnun málaflökksins.

- Ályktun um sauðfjárrækt og byggðaþróun

Ályktunin var kynnt matvælaráðuneyti, innviðaráðuneyti og Bygðastofnun. Svo var sótt um styrk í aðgerð C1 í byggðaáætlun í samstarfi við SSV og SSNV og heitir verkefnið Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum og fékk það 21,4 milljónir í styrk. Verkefnið er hafið sem Hlédís Sveinsdóttir og Björn Bjarnason leiða og hafa þau verið á ferð og flugi að taka viðtöl við fólk á sauðfjárræktarsvæðum. Má vænta fyrstu niðurstöðu fyrir árslok.

- Aflstöðin Vestfirðir

Þessi ályktun hefur nýst okkur vel inn í umsagnir stjórnar og er stór þáttur í hagsmunabaráttu fyrir Vestfirði. En ég ætla að draga úr þessa þrjá þætti sem var fjallað um í ályktuninni, fjarskipti, orkumál og samgöngur.

Fjarskipti: Það er verið að ljúka greiningu á raun aðstæðum útvarps, gsm og netsambandi.

Orkumál:

Við þurfum að ná aðgerðunum í gang sem starfshópurinn sem ég er búin að minnst á leggur til. Við vitum öll að tímalínan er óhagstæð svo við náum orkuskiptum og það hafa allir áhyggjur af því að við verðum ekki samkeppnishæf. Og þá ÞARF að leysa til dæmis tengigjald varðandi Austurgilsvirkjun, Staðsetja tengipunkt í djúpinu sem fyrst. Vinna að koma í framkvæmd þeim virkjunum sem þegar eru samþykktar í rammaáætlun og koma ramma 4 til afgreiðslu þingsins. Eins og fram hefur komið erum við búin að vera dugleg að vinna heimavinnuna okkar og við getum enn einu sinni vitnað í þingsályktunartillögu frá 2018 um Vestfirði (m.a.) í forgang í raforkumálum. Hvar er þessi forgangur????? Þannig að langþeyttir Vestfirðingar þurfa aðgerðir sem hafa áhrif strax. Við vitum að það er flókið að tvöfalda vesturlínu og við vitum að ferlið frá því að ákvörðun verður tekin um að fara í framkvæmdir á Vesturlínu 2 og þangað til hún er farin að flytja rafmagn getur hlaupið á áratugum. Þannig að mögulega væri sniðugt að hefja undirbúning strax þó svo að við séum að sjálfsögðu áfram að stefna að því að framleiða rafmagn á Vestfjörðum.

Samgöngur:

Við vitum að samgönguáætlun er að fresta verkefnum en hvað er hægt að gera á meðan við bíðum?

- Það er hægt að hefja rannsóknir strax varðandi jarðgöng á Vestfjörðum þannig að við verðum allavega tilbúin þegar borinn mætir. Fjarðaheiðargöng mega ekki teppa allan undirbúning af öðrum jarðgöngum.

- Við þurfum að lengja þjónustutíma vetrarþjónustu þannig að við getum tilheyrt þeim samfélögum sem við búum í. Það er galið að skólabörn séu að keyra til og frá skóla utan þjónustutíma vegagerðarinnar, eða að skólarnir þurfi að aðlaga sig að opnunartíma vega yfir vetrartímamann.
- Við þurfum að beita okkur fyrir því að jarðgangnaáætlun sé miðuð við 15 ár en ekki 30 og að Vestfirðir séu með að minnsta kosti fyrstu 3 jarðgöngin á áætluninni. Því ef við erum að tala um að næstu jarðgöng á Vestfjörðum séu ekki fyrir en eftir ÁRATUG EÐA ÁRATUGI þá erum við enn og aftur að tapa samkeppnishæfni.
- En það leiðir mig að því að á fjórðungsþingi að hausti 2021 sem haldið var á Ísafirði þá var samþykkt ályktun sem fjallaði um að Vestfirðingar styðji ekki gjalddöku í jarðgöng. Þetta hamlar því að stjórn geti notað gjalddöku sem rökstuðning í að berjast fyrir styttri tíma jarðgangnaáætlunar því við höfum ekki umboð til að nota þann rökstuðning. Og ég veit að einhver sveitarfélög hafa gefið út að þau styðji gjalddöku í jarðgöng þannig að ég hvet þau sveitarfélög til að taka upp þá umræðu þegar ályktunum þingsins verður vísað í nefndarstörf.

Þannig að það er þetta sem 67. Fjórðungsþing skilaði bæði verkefnum sem er lokið, verkefnum sem er enn verið að vinna að og verkefnum sem eru að hefjast. Og eftir að hafa farið með þessa löngu tölu um öll verkefni sem við erum að vinna að án þess að láta neinn hlæja eða segja dæmisögur þá má eiginlega segja að hér hafi verið flutt andvarp formanns. En mér finnst mikilvægt að tengja þingin saman og að þið gerið ykkur grein fyrir að það er unnið að krafti við að fylgja eftir ályktunum og það er engin uppgjöf í okkar fólki sem vinnur að heilindum fyrir Vestfirði.

Að lokum mynd, þetta er útsýni sem mun heyra sögunni til í vetur, tekin á Hjallahálsi og Suðurverk ári á undan áætlun með Þoskafjarðarbrúnna.